

Reykjavík, 01.02.2022  
R21060148

Ráðhús Reykjavíkur  
Forsætisnefnd

***Efni: Tillaga fulltrúa ungmennaráðs um aukna ofbeldisforvarnafræðslu á unglिंगastigi í grunnskólum***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Freyju Rúnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða: *Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum á unglिंगastigi í grunnskólum aukna forvarnafræðslu í tengslum við ofbeldi unglिंगa. Lagt er til að boðið sé upp á slíka fræðslu frá og með hausti 2022.*

Jafnréttis-, lýðræðis og mannréttindateymi (JLM) skóla- og frístundasviðs fékk tillöguna til meðferðar. Teymið tekur alfarið undir áhyggjur ungmennaráðsins varðandi aukningu á ofbeldi unglिंगa og mikilvægi fræðslu til unglिंगa um áhrif ofbeldis.

Samkvæmt aðgerðaráætlun með þingsályktun nr.37/150 um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni eiga allir grunnskólar landsins að hafa stofnað forvarnarteymi um áramótin 2021-2022. Eitt af helstu verkefnum forvarnarteymanna er að tryggja fræðslu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi til allra árganga skólans, á hverju ári. Aðgerðaráætlunin gerir einnig ráð fyrir fræðslu til starfsfólks sem mun í kjölfarið vera enn betur í stakk búið til að fræða nemendur sína um ofbeldi.

Þar sem þingsályktunin fjallar aðeins um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi þá er mikilvægt að bæta fræðslu um annarskonar ofbeldi einnig við. Starfsstöðum skóla- og frístundasviðs stendur til boða að innleiða námsefnið *Opinskátt um ofbeldi* en markmið þess efnis er að bjóða upp á opinskáa og einlæga umræðu og efla þekkingu barna á birtingarmyndum hverskyns ofbeldis. Innleiðing á námsefninu hefur verið fremur hæg en JLM teymið mun senda póst á stjórnendur og hvetja þá enn á ný til að innleiða námsefnið og tryggja kennsluna til nemenda á öllum aldri.

Teymið bendir einnig á verkefnið *Unglingar gegn ofbeldi* sem er gríðarlega mikilvægt verkefni sem vel mætti stækka enn frekar. Jafningjafræðsla er góð viðbót við fræðsluna sem skólinn og félagsmiðstöðin veita.